

## Mál nr. 242/2010

M

og

Vátryggingafélagið V v. ábyrgðatryggingar bifreiðarinnar A

### Ekið á mann í bílakjallara þ. 20.9.2009.

#### Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 17.7.2010 áamt fylgiskjölum 1-5
2. Bréf V dags. 24.8.2010.

#### Málsatvik.

Ekið var á M í bílakjallara við Smáratorg í Kópavogi. Ökumaður A segist hafa ekið inn í bílakjallarann en fundið fyrir einhverju undir bifreiðinni og taldi að sprungið hefði á dekki þar sem A nam staðar í innkeyrslubrekkunni en þegar hún fór út til að athuga aðstæður sá hún að maður var fastur undir A. Vitni sem ók um bílkjallarann sagðist hafa séð mann liggja á akbrautinni og hafi hún flautað og hann þá fært sig aðeins til á akbrautinni þannig að hún komst framhjá honum, en þegar hún leit í baksýnispegil bifreiðar sinnar hafi hún séð A koma akandi niður í bílkjallarann og aka yfir manninn þar sem hann lá á götunni. Þegar lögregla ræddi við M kom fram að hann mundi ekki eftir slysinu og sagðist hafa verið í áfengis fráhvörfum og stolið kardimommudropum í verslun í nágrenninu og drukkið þá til að koma sér í form, en meira mundi M ekki. Við skoðun á A þá reyndist A vera í góðu lagi.

M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V. Af hálfu M er talið útilokað að háttsemi hans feli í sér stórkostlegt gáleysi sem valdi skerðingu bótaréttar. Þá er vísað til þess af hálfu M að hann hafi verið í bjargarlausu ástandi í umrætt sinn og er á því byggt af hans hálfu að í slíkum tilvikum geti menn aldrei sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. Þá er á það bent af hálfu M að l.mgr. 88.gr umferðarlaga sé hlutlæg ábyrgðarregla og því fari afstaða V um að hafna bótaskyldu þvert gegn öllum rökum sem liggja á bak við tilvitnað ákvæði.

V hafnar bótaskyldu og telur að M verði sjálfur að bera tjón sitt að fullu en slysið verði eingöngu rakið til stórkostlegs gáleysis tjónþola. V vísar til þess að M hafi í umrætt sinn legið verulega ölvæður, en áfengismagn í blóði hafi verið rúm 4.4. prómill. Þá bendir V á að ökumaður A aki úr dagsbirtu niður í dimman bílakjallara sem hafi áhrif á sjón ökumanns, en M hafi varla getað fundið verri stað til að liggja á en rétt innan við innkeyrsludyr í umrætt bílastæði. Þá telur V engin gögn styðja það að ökumaður A hafi ekið óvarlega í umrætt sinn.

#### Álit.

Ljóst er af gögnum málsins og framburði M sjálfs að hann var ofurölvi í umrætt sinn. Þá verður að telja nægjanlega sannað miðað við framburð vitnis að M hafi legið í innkeyrslu í bílakjallarann. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að ökumaður A hafi ekið ógætilega í umrætt sinn eða A hafi verið vanbúin. Það girðir hins vegar ekki fyrir hlutlæga ábyrgð ökumanns A sbr. l.mgr. 88.gr.

umferðarlaga nr. 50/1987. Framhjá því verður hins vegar ekki litið að M lá ofurölvi í innkeyrslu í bílkjallara og þykir með því hafa sýnt af sér svo stórkostlegt gáleysi að rétt þykir með vísan til 2.mgr. 88.gr. umferðarlaga að fella niður bætur til M að 2/3 hlutum, en M fái bætt tjón sitt að 1/3 hluta.

**Niðurstaða.**

M á rétt á bótum en bætur til M eru felldar niður að 2/3 hlutum með vísan til 2.mgr. 88.gr. umferðarlaga nr. 50/1987, en tjón hans bætist að 1/3 hluta.

Reykjavík 5.10. 2010.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.